

67. kirkjuþing 2025-2026

5. mál - þskj. 5a

T I L L A G A

að breytingum á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 47/2022-2023.

Flm. Hildur Inga Rúnarsdóttir, Magnús Erlingsson og **Ólafur Gestur Rafnsson.**

1. gr.

Í stað orðsins “Patreksfjarðarprestakall” í 8. gr. starfsreglnanna komi: Vesturbyggðarprestakall

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Lagt er til að kirkjuþing 2025 - 2026 samþykki að breyta nafni Patreksfjarðarprestakalls þannig að það heiti eftirleidis Vesturbyggðarprestakall. Þegar Patreksfjarðarprestakall var sameinað Bíldudals- og Tálknafjarðarprestakalli, lögðu kirkjuyfirvöld til að hið nýja sameinaða prestakall myndi heita Patreksfjarðarprestakall. Ekki var ánægja í öllum 8 sóknum prestakallsins með þessa nafngift. Hefur málið komið til umræðu á héraðsfundum. Fyrir héraðsfund Vestfjarðaprófastsdæmis 2025, sem haldin var á Bíldudal 7. september síðastliðinn, ritaði prófastur öllum sóknarnefndum bréf þar sem hann kynnti þá hugmynd að nafni prestakallsins yrði breytt í Vesturbyggðarprestakall. Var slík tillaga borin upp á héraðsfundinum og samþykkt einróma.